Nr. 364 11. apríl 2012

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 1101/2004 um markaðssetningu sæfiefna.**

1. gr.

Við töflu í A-hluta V. viðauka, „Virk efni sem heimilt er að nota í sæfiefni“, bætast efni, sbr. töflu í I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Við töflu í B-hluta V. viðauka, „Virk efni sem heimilt er að nota í áhættulítil sæfiefni“, bætast efni, sbr. töflu í II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum, og lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á eftirfarandi gerðum:

1. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/10/ESB frá 8. febrúar 2011 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu bífentríni við í I. viðauka við hana, sem vísað er til í lið 12n í XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2011, frá 30. september 2011.
2. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/11/ESB frá 8. febrúar 2011 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu (Z,E)-tetradeka-9,12-díenýlasetati, við í I. viðauka og I. viðauka A við hana, sem vísað er til í lið 12n í XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2011, frá 30. september 2011.
3. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/12/ESB frá 8. febrúar 2011 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu fenoxýkarbi við í I. viðauka við hana, sem vísað er til í lið 12n í XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2011, frá 30. september 2011.
4. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/13/ESB frá 8. febrúar 2011 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu nónansýru við í I. viðauka við hana, sem vísað er til í lið 12n í XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2011, frá 30. september 2011.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 11. apríl 2012.*

F. h. r.
**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Glóey Finnsdóttir.*

# VIÐAUKI 1

| Nr. | Almennt heiti | IUPAC-heiti<br>Kenninúmer | Lágmarks hreinleiki virks efnis í sæfiefni við markaðssetningu | Dagsetning skráningar | Markaðsleyfi sæfiefnis skal gefið út fyrir[1] | Skráning gildir til | Sæfiefna-flokkur | Skilyrði fyrir markaðsleyfi[2] |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 38 | Bífentrín | 2-metýlbífenýl-3-ýlmetýl(1RS)-cis-3-[(Z)-2-klór-3,3,3-tríflúorpróp-1-enýl]-2,2-dímetýlsýkló-própankarboxýlat<br><br>EB-nr.: Á ekki við<br>CAS-nr.: 1085-98-9 | 911 g/kg | 1. febrúar 2013 | 31. janúar 2015 | 31. janúar 2023 | 8 | **Forsendur og skilyrði fyrir veitingu markaðsleyfis:**<br>Taka skal tillit til og meta þar sem við á, þá íbúahópa og umhverfisþætti sem gætu orðið fyrir váhrifum af sæfiefninu, sérstaklega jarðveg og vatnasvæði, og þær sviðsmyndir af notkun eða váhrifum sem hafa ekki fengið tilhlýðilega umfjöllun í því áhættumati sem gert var á virka efninu.<br>Markaðsleyfi skal háð eftirfarandi skilyrðum:<br>1. Leyfi fyrir sæfiefninu skulu bundin við notkun í iðnaði eða í atvinnuskyni nema sýnt sé fram á það í umsókn um leyfi fyrir sæfiefninu að unnt sé, að draga úr áhættu fyrir notendur, sem nota efnið ekki í atvinnuskyni, þannig að áhættan verði ekki meiri en svo að við megi una.<br>2. Við notkun á sæfiefnum, sem eru leyfð til notkunar í iðnaði eða til faglegra nota, skal nota viðeigandi persónuhlífar nema hægt sé að sýna fram á það í umsókn um leyfi fyrir sæfiefninu að unnt sé að draga á annan hátt úr áhættu fyrir notendur í iðnaði eða fagmenn þannig að áhættan verði ekki meiri en svo að við megi una.<br>3. Á merkimiðum og öryggisblöðum fyrir sæfiefni, sem leyfð hafa verið til notkunar, ef þau eru í boði, skal m.a. koma fram að nýmeðhöndlaður viður skuli geymdur eftir meðhöndlun undir skýli eða á ógegndræpu, hörðu undirlagi, eða hvort tveggja, til þess að koma í veg fyrir að efnið sígi beint út í jarðveg eða vatn og að safna skuli til endurnotkunar eða förgunar öllu því efni sem fer til spillis. |

| Nr. | Almennt heiti | IUPAC-heiti<br>Kenninúmer | Lágmarks hreinleiki virks efnis í sæfiefni við markaðssetningu | Dagsetning skráningar | Markaðsleyfi sæfiefnis skal gefið út fyrir[1] | Skráning gildir til | Sæfiefna-flokkur | Skilyrði fyrir markaðsleyfi[2] |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | 4. Ekki skal leyfa sæfiefni til að meðhöndla við utanhúss á staðnum eða til að meðhöndla við sem verður annaðhvort alltaf óvarinn fyrir veðrun eða varinn gegn veðrun en kemur til með að blotna oft, nema gögn hafi verið lögð fram sem sýna fram á að grípa megi til viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu. |
| 39 | (Z,E)-tetradeka-9,12-díenýlasetat | (9Z,12E)-tetradeka-9,12-díen-1-ýl-asetat<br><br>EB-nr.: Á ekki við<br>CAS-nr.: 30507-70-1 | 997 g/kg | 1. febrúar 2013 | 31. janúar 2015 | 31. janúar 2023 | 19 | **Forsendur og skilyrði fyrir veitingu markaðsleyfis:**<br>Taka skal tillit til og meta þar sem við á, þá íbúahópa og umhverfisþætti sem gætu orðið fyrir váhrifum af sæfiefninu og þær sviðsmyndir af notkun eða váhrifum sem hafa ekki fengið tilhlýðilega umfjöllun í því áhættumati sem gert var á virka efninu.<br>Markaðsleyfi skal háð eftirfarandi skilyrði:<br>Á merkimiðum fyrir sæfiefni, sem innihalda (Z,E)-tetradeka-9,12-díenýlasetat, skal koma fram að þau skuli ekki notuð í rými þar sem óinnpökkuð matvæli eða fóður er geymt. |
| 40 | Fenoxýkarb | Etýl-[2-(4-fenoxý-fenoxý)etýl]karbamat<br><br>EB-nr.: 276-696-7<br>CAS-nr.: 72490-01-8 | 960 g/kg | 1. febrúar 2013 | 31. janúar 2015 | 31. janúar 2023 | 8 | **Forsendur og skilyrði fyrir veitingu markaðsleyfis:**<br>Taka skal tillit til og meta þar sem við á, þá íbúahópa og umhverfisþætti sem gætu orðið fyrir váhrifum af sæfiefninu, sérstaklega jarðveg og vatnasvæði, og þær sviðsmyndir af notkun eða váhrifum sem hafa ekki fengið tilhlýðilega umfjöllun í því áhættumati sem gert var á virka efninu.<br>Markaðsleyfi skal háð eftirfarandi skilyrðum:<br>1. Á merkimiðum og öryggisblöðum fyrir sæfiefni, sem leyfð hafa verið til notkunar, ef þau eru í boði, skal m.a. koma fram að nýmeðhöndlað timbur skuli geymt eftir meðhöndlun undir skýli eða á ógegndræpu, hörðu undirlagi, eða hvort tveggja, til þess að |

| Nr. | Almennt heiti | IUPAC-heiti<br>Kenninúmer | Lágmarks hreinleiki virks efnis í sæfiefni við markaðssetningu | Dagsetning skráningar | Markaðsleyfi sæfiefnis skal gefið út fyrir[1] | Skráning gildir til | Sæfiefna-flokkur | Skilyrði fyrir markaðsleyfi[2] |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | koma í veg fyrir að efnið sígi beint út í jarðveg eða vatn og að safna skuli til endurnotkunar eða förgunar öllu því efni sem fer til spillis.<br>2. Ekki skal leyfa sæfiefni til að meðhöndla við, sem nota á í mannvirki utanhúss nálægt eða yfir vatni, nema gögn hafi verið lögð fram sem sýna fram á að grípa megi til viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu. |
| 41 | Nónansýra<br>(pelargonsýra) | Nónansýra<br>EB-nr.: 203-931-2<br>CAS-nr.: 112-05-0 | 896 g/kg | 1. febrúar 2013 | 31. janúar 2015 | 31. janúar 2023 | 19 | **Forsendur fyrir veitingu markaðsleyfis:**<br>Taka skal tillit til og meta þar sem við á, þá íbúahópa og umhverfisþætti sem gætu orðið fyrir váhrifum af sæfiefninu og þær sviðsmyndir af notkun eða váhrifum sem hafa ekki fengið tilhlýðilega umfjöllun í því áhættumati sem gert var á virka efninu. |

[1] Þessi dagsetning á ekki við ef sæfiefnið inniheldur fleiri en eitt virkt efni, í því tilfelli gildir sú dagsetning sem tilgreind er fyrir það virka efni sem síðast er skráð í viðaukann og sem hefur lengstan frest.
[2] Nánari upplýsingar má fá í matsskýrslum (assessment reports) sem unnt er að nálgast á heimasíðu framkvæmdastjórnarinnar: http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm.

VIÐAUKI 2

| Nr. | Almennt heiti | IUPAC-heiti<br>Kenninúmer | Lágmarks hreinleiki virks efnis í sæfiefni við markaðssetningu | Dagsetning skráningar | Markaðsleyfi sæfiefnis skal gefið út fyrir[1] | Skráning gildir til | Sæfiefnaflokkur | Skilyrði fyrir markaðsleyfi[2] |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | (Z,E)-tetradeka-9,12-díenýlasetat | (9Z,12E)-tetradeka-9,12-díen-1-ýl-asetat<br><br>EB-nr.: Á ekki við<br>CAS-nr.: 30507-70-1 | 997 g/kg | 1. febrúar 2013 | 31. janúar 2015 | 31. janúar 2023 | 19 | **Skilyrði fyrir veitingu markaðsleyfis:**<br>1. Einungis ætlað í gildrur, sem innihalda að hámarki 2 mg af (Z,E)-tetradeka-9,12-díenýlasetati, til notkunar innanhúss.<br>2. Á merkimiðum fyrir sæfiefni, sem innihalda (Z,E)-tetradeka-9,12-díenýlasetat, skal koma fram að þessi sæfiefni skuli einungis notuð innanhúss og ekki í rými þar sem óinnpökkuð matvæli eða fóður er geymt. |

[1] Þessi dagsetning á ekki við ef sæfiefnið inniheldur fleiri en eitt virkt efni, í því tilfelli gildir sú dagsetning sem tilgreind er fyrir það virka efni sem síðast er skráð í viðaukann og sem hefur lengstan frest.
[2] Nánari upplýsingar má fá í matsskýrslum (assessment reports) sem unnt er að nálgast á heimasíðu framkvæmdastjórnarinnar: http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm.